

**2007 nr. 135 12. nóvember****Lög um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli**

Tóku gildi 17. nóvember 2007. Breytt með: L. 39/2014 (tóku gildi 1. sept. 2014). L. 137/2019 (tóku gildi 31. des. 2019).

**■ 1. gr.**

Heimilt er að nota raflagnir og rafföng í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli til 1. október 2010. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skal fyrir 1. október 2007 leggja fram verkáætlun

til [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar]<sup>1)</sup> um hvernig staðið verði að breytingum til samræmis við íslenskar kröfur fyrir 1. október 2010.

<sup>1)</sup> L. 137/2019, 19. gr.

**■ 2. gr.**

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. skal tilnefna umsjónarmann öryggismála á svæðinu sem starfi í samvinnu við [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun].<sup>1)</sup> Hann skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 264/1971, um raforkuvirki, með síðari breytingum.

<sup>1)</sup> L. 137/2019, 19. gr.

**■ 3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.